

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2018, föstudaginn 4. maí, var haldinn 172. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.00. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur L. Haraldsson og Haraldur Sverrisson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, og Bjarni Kjartansson, sviðstjóri. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Brunavarnaáætlun SHS lögð fram til staðfestingar stjórnar.
Eftirfarandi lagt fram: Brunavarnaáætlun SHS, dags. 4. maí 2018, fylgirit 1 með brunavarnaáætlun: Viðbragðstími, fylgirit 2 með brunavarnaáætlun: Áhættugreining, fylgirit 3 með brunavarnaáætlun: Forvarnir, fylgirit 4 með brunavarnaáætlun: Önnur verkefni, fylgirit 5 með brunavarnaáætlun: Viðbragðsflokkar, Minnisblað: Brunavarnaáætlun SHS 2018-2022, dags. 26. apríl 2018.
Afgreiðsla: Stjórn samþykkir brunavarnaáætlun SHS og staðfestir með undirritun ásamt slökkviliðsstjóra, forstjóra Mannvirkjastofnunar og sveitarstjóra Kjósarhrepps að fundi loknum. Áætlunin verður síðan kynnt sveitarstjórnnum sveitarfélaganna á starfssvæði SHS.
2. Slökkviliðsstjóri sagði frá framvindu mála varðandi brunann í Miðhrauni.
Eftirfarandi lagt fram: Minnisblað: Miðhraun 4, dags. 4. maí 2018.
Afgreiðsla: Kynning.
3. Ný Slökkviliðsstjóri sagði frá framvindu málsins frá 171. fundi varðandi nýja slökkvistöð.
Eftirfarandi lagt fram: Minnisblað: Staðsetning slökkvistöðvar, dags. 17. apríl 2018.
Afgreiðsla: Kynning. Stjórn áréttar mikilvægi þess að niðurstaða fái stöðsetningu á nýrri slökkvistöð.
4. Endurnýjuð starfslokastefna SHS lögð fram að nýju til staðfestingar, sbr. fundargerð 171. fundar.
Eftirfarandi lagt fram: Starfslokastefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 4. maí 2018.
Afgreiðsla: Samþykkt og undirrituð.
5. Áhættustefna SHS lögð fram til staðfestingar. fram að nýju til staðfestingar, sbr. fundargerð 171. fundar.
Eftirfarandi lagt fram: Áhættustefna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs, dags. 4. maí 2018.
Afgreiðsla: Samþykkt og undirrituð.
6. Slökkviliðsstjóri kynnti fyrstu drög að þriggja mánaða uppgjöri SHS 2018.
Eftirfarandi lagt fram: Þriggja mánaða uppgjör SHS 2018, drög, ódags.
Afgreiðsla: Kynning.
7. Farið var yfir valkosti vegna fjármögnunar á kaupum á fjórum nýjum slökkvibifreiðum.
Eftirfarandi lagt fram: Samningur um kaup á slökkvibifreiðum fyrir SHS, dags. 4. maí 2018.
Afgreiðsla: Samningur við Ólaf Gíslason & Co. um kaup á fjórum slökkvibifreiðum staðfestur með undirritun að fundi loknum.
8. Slökkviliðsstjóri kynnti ályktun aðalfundar Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi um rekstur sjúkraflutninga.
Eftirfarandi lagt fram: Ályktun FSÍ á aðalfundi, dags. 6.-8. apríl 2018.
Afgreiðsla: Stjórn SHS tekur undir ályktun FSÍ, enda fylgi nauðsynlegir tekjustofnar.

Fundi slitið klukkan 10.00

Dagur B. Eggertsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Ármann Kr. Ólafsson
Gunnar Einarsson
Haraldur L. Haraldsson